



Félög löggiltra endurskoðenda

Útg. Félag löggiltra endurskoðenda
Ábm: Stefán D. Franklín
Formaður Ritnefndar FLE
Október 2002
25. árgangur 2. tölublað

FLE fréttir

EFNI BLAÐSINS

Nám í endurskoðun í Viðskipta- og hagfræðideild	1
Fráteknar dagsetningar	4
Endurmenntunareiningar	4
Lög um endurskoðendur nr. 18/1997 ...	4
Tölvupóstfang FLE	4
Af stjórnarborði	5
Er ráðgjöfin horfin út úr endurskoðunarfyrirtækjunum	7
Til sölu á skrifstofu FLE	8
Frá menntunarnefnd FLE	9
Haustráðstefna FLE	10
Nýjar CAD-reglur fyrir fjármálafyrirtæki	11
International Accounting Standards 2002	12
Endurskoðun á lögum um ársreikninga og bókhald	13
Eftirmáli við grein um tímamörk skattfyrvalda við afgreiðslu mála	16
Athyglisverðir úrskurðir yfirkattanevndar	17
Opnunartími skrifstofu FLE	17
Námskeið hjá Endurmenntun HÍ - Haust 2002	18
Ákvarðandi bréf RSK um virðisaukaskatt	19
Áhugaverðar heimasíður	19
Árshátið FLE	20

Nám í endurskoðun í Viðskipta- og hagfræðideild

Greinin fjallar um nám í reikningshaldi og endurskoðun í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Fyrst er fjallað um núverandi skipulag í deildinni og helstu breytingar hin síðustu ár. Síðan er lýst skipulagi kennslu í endurskoðun, fjallað er um álit sérstakrar nefndar um menntunarmál endurskoðenda, rædd er samkeppnisstaða deildarinnar og að lokum er vakin athygli á nokkrum atriðum þar sem góður samstarfsflötur er milli deildarinnar og Félags löggiltra endurskoðenda.

1. Núverandi skipulag og helstu breytingar

Núna eru 1.000 manns í grunnnámi í deildinni, 200 í rannsóknartengdu meistaranámi og 50 í MBA námi. Þetta eru miklu fleiri en hafa verið í deildinni undanfarin ár. Viðskipta- og hagfræðideildin er ein stærsta deild skólans en nú eru yfir 8.000 nemendur í Háskóla Íslands. Nemenndum deildarinnar hefur fjölgað úr 600 í 1.250 á síðustu 10 árum og hlutfall nemenda deildarinnar hefur farið úr 12% af heildarfjölda nemenda í 16%.

Megináherslan í grunnnámi er BA/BS nám sem er til 90 eininga. Í hagfræðiskor eru 100 manns í grunnnámi og þar eru fjórar námsleiðir; BS í hagfræði sem er stíft fræðilegt hagfræðinám, BS í hagfræði með áherslu á fjármálalega hagfræði, BA í hagfræði sem er blanda úr hagfræði og viðskiptafræði og BA í hagfræði með lögfræði sem aukagrein sem er ný námsleið og byrjaði í haust.

Í viðskiptaskor eru 900 nemendur í grunnnámi og er hún langstærsta skor Háskólans. Í



Ágúst Einarsson, prófessor og deildarforseti Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands

grunnnámi er m.a. fjögurra ára viðskiptafræðinám til cand. oecon. prófs sem gildir 120 einingar. Í cand. oecon. náminu eru tvö kjörsvið, þ.e. reikningshalds- og endurskoðunarsvið og svo fjármálasvið. Á reikninghalds- og endurskoðunarsviðinu eru nú 35 nemendur, 24 konur og 11 karlar auk 15 nemenda í viðbótarnámi. Það eru nemendur sem eru með BS t.d. frá Háskólanum í Reykjavík og öðrum skólum og eru að taka endurskoðunarsviðið til þess að geta síðar sótt um að þreyta löggildingarpróf í endurskoðun. Af þessum 15 eru 11 konur og 4 karlar.

Það eru fimm BS línur í viðskiptafræði, þ.e. ein án sérhæfingar, önnur með áherslu á stjórnun, sú þriðja með áherslu á alþjóðasamskipti og viðskiptatungumál, sú fjórða með áherslu á markaðsfræði og sú fimmta með áherslu á fjármál. Sú sjötta er væntanleg sem er í upplýsingatækni. Þessar línur enduspeglar mörg fyrri svið cand. oecon. námsins. Þróunin innan



Háskóla Íslands hefur hins vegar verið í átt til BS og BA náms og síðan rannsóknartengds meistaranáms. Deildin hefur fylgt þeirri þróun að nokkru en ekki öllu leyti.

2. Skipulag námsins í endurskoðun

Á reikningshalds- og endurskoðunarsviðinu eru 120 einingar og er kennt í 3ja eininga námskeiðum. Þau eru 40 talsins og sjást í töflu 1:

Rekstrarhagfræði I, II og III	Tjáning og samskipti	Endurskoðun I og II
Þjóðhagfræði I og II	Lögfræði I og II	Reikningshald 7 námskeið
Stærðfræði	Upplýsingakerfi-forritun	Fjárhagsbókhald I og II
Markaðsfræði I og II	Fjármál I og II	Rekstrarbókhald I og II
Stjórnun I og II	Tölfræði I og II	Ársreikningagerð
Upplýsingatækni-tölvunotkun	Aðgerðarannsóknir	Samstæðu reikningsskil
Aðferðafræði	Skattskil I og II	Reikningsskilafræði
Haglýsing	Upplýsingakerfi-bókhaldskerfi-	Valgrein I og II
Rekstrarstjórnun I og II	tölvuendurskoðun	Kandidatsritgerð
	Fjármuna- og félagaréttur	

Tafla 1: Námskeið á reikningshalds- og endurskoðunarsviði

Þetta er umfangsmikið nám í reikningshaldi og endurskoðun og hefur reynst vel. Námið er bæði byggt á reynslu erlendis og óskum, ekki hvað síst frá Félagi löggiltra endurskoðenda á sínum tíma. Deildin hefur litið á það sem verkefni sitt í fortíð, nútíð og framtíð að mennta góða endurskoðendur í samræmi við þarfir markaðarins að höfðu samráði við starfandi endurskoðendur.

Fjölmargin stafandi endurskoðendur hafa kennt í námskeiðum deildarinnar en nú eru tveir fastir kennarar á sviðinu, Stefán Svavarsson, sem er einfaldlega deildin á þessu sviði, og Einar Guðbjartsson sem bættist við kennsluliðið fyrir fáum misserum. Að öðrum ólöstuðum má nefna prófessor emeritus Árna Vilhjálmsson en án hans hefði þetta nám aldrei orðið og fæstir endurskoðendur væru í núverandi stöðum sínum.

Gott væri að fá fleiri fasta kennara til deildarinnar og er sífellt verið að leita en vel menntaðir einstaklingar í endurskoðun sem vilja helga sig kennslu eru ekki margir. Að vel yfirveguðu ráði hefur ekki verið farin sú leið að breyta náminu í BS og MS þótt slíkt komi vel til greina síðar. Slíkt nám yrði væntanlega 90 eininga

grunn nám og 60 eininga rannsóknartengt framhaldsnám. Til að stíga það skref þarf að fá fleiri kennara og byggja betur upp rannsóknaraðstöðuna. Hér myndi liðsinni Félags löggiltra endurskoðenda og fyrirtækja koma að góðu gagni.

Þótt deildin hafi vaxið verulega á mörgum öðrum sviðum er það skoðun mín sem deildarforseta að kennsla og nám í endurskoðun við Viðskipta- og hagfræðideild sé burðarás starfsins sem ekki verður hvikað frá.

ingshaldi og endurskoðun fyrr en tryggt væri að vandað MS prógramm væri raunhæft. Það er skoðun deildarinnar að MS nám, sérstaklega í fagi eins og endurskoðun sem byggir á mjög sterkum grunni, verði frá byrjun að vera mjög öflugt hvað kennara og námskeið varðar. Síðustu misseri hefur því verið stefnt að MS námi með því að styrkja núverandi kandidateitnáms og reikningshalds- og endurskoðunarsviðinu haldið óbreyttu sem 4 ára námi þrátt fyrir að grunn-

Rannsóknarnám hefur verið byggt upp í samræmi við stefnu Háskólans og nú eru yfir 800 manns í rannsóknartengdu framhaldsnámi við Háskólann og þar eru 200 í Viðskipta- og hagfræðideild. Þetta er mikið átak og var byrjað t.d. með meistaranám í mannauðsstjórnun í haust sem fékk góðar undirtektir. Mun færri eru teknir inn í meistaranámið en sem vilja. MBA nám deildarinnar hefur gengið afskaplega vel en nú var annar hópurinn að byrja þar. Þar eru skólagjöld en það er eina námið þar sem heimild er til slíks.

3. Hugmyndir nefndar um menntunarmál endurskoðenda

Fyrir tveimur árum var unnið álit um menntun endurskoðenda á vegum Félags löggiltra endurskoðenda. Það var sérstök nefnd í því sem í áttu sæti Birgir Finnbogason, Margrét G. Flóvenz, Sigþór C. Guðmundsson, Stefán Svavarsson, Sveinn Jónsson og Símon Á. Gunnarsson sem leiddi hópinn. Meðal helstu niðurstaða nefndarinnar er að erlendis hefur stefnt í meiri menntun endurskoðenda fyrir löggildingu en áður.

Deildin hefur ekki viljað fara í BS nám í reikn-

nám sé almennt að færast í þriggja ára BA- og BS-gráður.

Það var einnig niðurstaða nefndar félagsins að til þess að fá löggildingu til endurskoðunarstarfs skuli fólk hafa lokið MS gráðu í reikningshaldi og endurskoðun. Það má segja að þessi stefna sé einnig framtíðarsýn deildarinnar. Deildin sér um bóklega þátt námsins en verkefni þátturinn tengist starfi á stofum. Nefndin lagði til að verklegu prófin væru í sama formi og hingað til en hægt væri að taka þau áður en öllum starfsþjálfunartíma væri lokið en að settar verða reglur um starfsþjálfun endurskoðunar-nema.

Ég tel að þessi skýrsla félagsins sé góð stefnumörkun enda er það sameiginlegt markmið deildar og félags að menntunin sé samþærileg og gerist erlendis. Menntunarmál endurskoðenda lúta jafnframt alþjóðlegum stöðlum meira en áður og hefur t.d. ESB gefið úr sérstaka tilskipun um verkleg próf endurskoðenda. Það kom skýrt fram hjá nefndinni að ólíklegt sé að unnt eða hagkvæmt væri að bjóða upp á MS gráðu í reikningshaldi og endurskoðun á fleiri en einum stað hérlendis. Deildin tekur undir

það. Þetta er það sérhæft nám sem útheimtir alla þá krafta sem við búum yfir hérlendis ef á annað borð er ætlunin að færa slíkt meistaranám inn í landið.

Meistaránám er dálítið tískuorð um þessar mundir, ekki aðeins hérlendis, og vöxturinn innan Háskóla Íslands á þessu sviði hefur verið mjög mikill, m.a. innan Viðskipta- og hagfræðideildar. Það er mitt mat að það megi ekki fara of geyst í þeirri þróun ef takast á að halda uppi þeim gæðastaðli sem menn vilja. Það er skoðun Stefáns Svavarssonar sem ég deili að meistaranám í endurskoðun hérlendis sé það sem koma skuli en tryggja verði algerlega áður að staðið verði að öllu eins vel og kostur er, m.a. hvað varðar fjölda kennara og menntun þeirra.

Þess vegna er það ætlun deildarinnar að styrkja kandiðatsnámið enn frekar m.a. með því að gera tvö námskeið úr Reikningshaldi IV og tvö námskeið úr reikningshaldi VI og bæta við námskeiðum í opinberum reikningsskilum, skattskilum, endurskoðun og fjármálum. Þetta þýðir að sex nýjum námskeiðum verður bætt við þegar nægur og hæfur mannskapur fæst en stefnan er að byggja framtíðina í minna mæli á stundakennurum en verið hefur. Hinir tveir föstu kennarar eru ekki nóg til að hefja meistaranám nú þegar.

Þegar haft er í huga að það var Félag lög- og tilra endurskoðenda sem leitaði fyrir 25 árum eftir því við deildina að bóklegt nám í endurskoðun til löggildingar færi á háskólastig er það skoðun mín að þetta samstarf hafi allan tímann verið milli félagsins og deildarinnar og að skýrslan frá árinu 2000 sé mikilvæg varða á þeirri leið. Deildin vill að slík vinnubrögð verði áfram.

4. Samkeppnisstaða deildarinnar

Deildin er ekki í beinni samkeppni við aðra skóla um nám í reikningshaldi og endurskoðun. Þetta er sérhæft nám sem ég er ekki viss um að Íslendingar geti með góðu móti kennt á fleiri námsbrautum en einni. Ég er maður samkeppni á öllum sviðum en hér þarf að gæta sín, m.a. vegna þess að góðir kennarar eru vandfundnir, og mikilvægt er að framkvæma þetta eins og deildin hefur gert að fá til liðs við sig til kennslu starfandi menn úr stétt endurskoðenda.

Deildin er í samkeppni við aðra skóla á öðrum sviðum, við Viðskiptaháskólann Bifröst, Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík. Það er holl samkeppni en okkar staða er þrengd mikið með því að Viðskipta- og hagfræðideild er ekki heimilt að taka skólagjöld en bæði Viðskiptaháskólinn Bifröst og Háskólinn í Reykjavík taka skólagjöld í grunnnámi en þar að auki fá þeir sama fé á hvern nemanda sem ríkið veitir til kennslu í Háskóla Íslands.

Viðskipta- og hagfræðideildin fær hins vegar ekki allt það fé sem ríkið leggur til Háskólans vegna hennar af því að hluti af því er tekinn til að greiða fyrir fámennar deildir sem menn vilja hafa kennslu í eins og í íslenskum fræðum, stærðfræði og guðfræði. Það er því ójöfn samkeppnisstaða að búa við skert framlag sem aðrir skólar gera ekki og hafa auk þess ekki heimild til skólagjalda. Ég líki þessu við að vera í boxi með aðra hönd bundna fyrir aftan bak. Þessu er mætt að hluta til með stærðarhagkvæmni og sérhæfingu og enn meiri áhersla verður lögð á rannsóknir í framtíðinni og þar hentar frekara nám í endurskoðun vel.

Geta má þess að einnig er kennt diplománám til 45 eininga og er deildin einna stærst á því sviði innan Háskólans og var þar brautrygjandi en hugsanlega mun deildin hætta því námsframboði enda hafa aðrir skólar tekið það upp. Þetta er eins og í endurskoðuninni. Sérhæfingin gildir öllu og hagkvæmni stærðarinnar er mikil þótt alls ekki megi ofmeta hana.

5. Önnur atriði

Ég lít svo á að samstarf deildarinnar við starfandi endurskoðendur sé lykilaatriði. Deildin verður alltaf að fá að vita hvort nemarnir sem eru nýútskrifaðir séu í lagi og uppfylli væntingar stofnanna. Deildin vill haga kennslunni eftir ábendingum endurskoðenda. Ýmislegt er gert til að efla samskipti við starfandi fyrirtæki. Formaður Félags löggiltra endurskoðenda hefur boðið aðstoð við starf deildarinnar og slíkt viðhorf er ánægjulegt og í anda þess góða samstarfs sem hefur ríkt um þetta nám við deildina.

Í fyrra voru stofnuð Hollvínasamtök deildarinnar og þar eru í stjórn eftirfarandi sómafólk: Árni Vilhjálmsson, fyrrum prófessor, formaður Árne Tómasson, bankastjóri í Búnaðarbanka Ís-

lands, Björn Rúriksson, athafnamaður, Einar Benediktsson, forstjóri Olís, Höskuldur Jónsson, forstjóri ÁTVR, Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Skeljungu, Margrét K. Sigurðardóttir, markaðsstjóri hjá Morgunblaðinu og formaður FVH, Tryggvi Jónsson, aðstoðarforstjóri Baugs, Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands. Þarna munu raddir m.a. endurskoðenda heyrast vel og þannig vill deildin hafa það.

Vísindatímarit er í undirbúningi sem verður fræðitímarit og góður vettvangur fyrir kennara, nemendur og starfandi menn í fyrirtækjum að birta rannsóknir sem verða á hæsta gæðaflokki með ritryningu að kröfum sem eru gerðar til sambærilegra tímarita á alþjóðavettvangi. Þetta verður athyglisvert framtak sem mun nýtast endurskoðendum vel sem og öðrum.

Einnig er í undirbúningi að hefja útgáfu kennslurita þar sem deildin mun gefa út kennslurit og kennslubækur á ýmsum fræðasviðum. Þetta hefur sárvantað og þegar eru nokkur handrit í undirbúningi. Deildin þarf aðstoð við þetta allt og ég heiti á endurskoðendum og fyrirtæki þeirra að taka vel til hendinni ef beðið verður um stuðning. Deildin lítur á sig sem hluta af endurskoðendaumhverfi landsins, umhverfi sem er að mörgu leyti mjög sérstætt, vandað og félagslega sterkt. Deildin er býsna stolt af því að hafa lagt til svo marga góða einstaklinga í þann hóp.

Eitt svið sem endurskoðendur geta hjálpað til við er að stuðla að enn meiri rafrænum áskriftum Landsbókafans-Háskólabókafans. Þar hefur deildin notið Hollvína en þeir hafa fjármagnað einn virtasta gagnagrunn í heimi í viðskiptafræði og hagfræði, JSTOR, og þeir fengu tvö góð fyrirtæki, Hampiðjuna og Hval, til þess. Viða er slíkur stuðningur mikilvægur skólum og sjálfsagður í starfi fyrirtækja.

Deildin og kennarar hennar hafa verið öflug í starfi Endurmenntunarstofnunar Háskólans og símenntun skiptir mun meira máli en áður. Hér þarf samvinnu marga aðila. Þekkingin úreltist fljótt og stundum hef ég sagt að reynslan geti verið minna en einskis virði sem er býsna harkalega að orði komist. Það þarf að vera meira á tånun en áður. Nú skipta háskólamenn um starf að meðaltali 8 sinnum á starfsferlinum,



meðan tvisvar til þrisvar þótti mikið fyrir áratug eða svo.

Ég vil benda á atriði sem þarf að ræða innan deildarinnar, í Félagi löggiltra endurskoðenda og innan fyrirtækja, sem er hin siðferðislega ábyrgð í fyrirtækjarekstri og kennslu. Fréttir vestanhafs um misferli sem m.a. endurskoðendur tengjast, mega ekki láta okkur ósnortin. Endurskoðendur hafa ávallt notið sérstaks trausts hérlendis fyrir góð vinnubrögð og góða menntun. Það má ekki hvika frá því en menn verða að vanda sig. Margt er ekki eins einfalt og það var fyrir 20 árum og á það við starf endurskoðandans en einnig starf kennarans. Deildin býður upp á námskeið í viðskiptasiðferði en það er lítið sótt hvort sem það lýsir meira nemendum, endurskoðendum framtíðarinnar, eða skólanum skal hér ósagt látið

Deildin vill gjarnan koma sterkar inn með sérstaka fræðifyrirlastra gagnvart félagsmönnum Félags löggiltra endurskoðenda og er hægt að hugsa sér ýmis konar útfærslu á því. Það er

vert umhugsunar fyrir endurskoðunarfyrirtæki sem eru mörg mjög öflug hvort þau ættu ekki að styrkja fólk til framhaldsnáms á sviði reikningshalds og endurskoðunar erlendis og þannig stuðla að frekari þekkingu í landinu og hlúa að væntanlegum kennurum. Slíkur stuðningur væri ómetanlegur og yrði endurskoðunarfyrirtækjum til mikils sóma.

6. Lokaorð

Greinin á að gefa mynd að því sem verið er að gera í háskóladeild endurskoðenda við Háskóla Íslands. Flestir endurskoðendur landsins voru í deildinni og það hvílir gagnkvæm skylda á herðum deildarmanna og endurskoðenda.

Skólinn þarf alltaf að hugsa til sinna gömlu nemenda til að hjálpa þeim nýju og gömlu nemendurnar hafa ekki lokið menntun sinni nema miðla reynslu sinni í gegnum skólana til næstu kynslóðar. Þetta er því endalaust boðhlaup, en boðhlaup þar sem allir þátttakendur vinna.

Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Hótel Loftleiðir, Víkingasalur, laugardagur 9. nóvember 2002. Fyrirlesari Árni Tómasson bankastjóri.
- Haustráðstefna FLE, Hótel Loftleiðir, þingsalir 1-4, föstudag 8. nóvember og laugardag 9. nóvember 2002. Fyrri dagurinn er „opinn“ en sá síðari er eingöngu ætlaður félagsmönnum FLE.
- Aðalfundur FLE, Hótel Loftleiðir, þingsalir 1-4, laugardagur 9. nóvember 2002.
- Árshóf FLE, Sunnusalur Hótel Saga, laugardagur 9. nóvember 2002.
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 4. desember 2002 (jólafundur)
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 8. janúar 2003
- Skattadagur FLE í Salnum Tónlistarhúsi Kópavogs, föstudagur 17. janúar 2003.
- Endurskoðendadagur FLE í Salnum Tónlistarhúsi Kópavogs, föstudagur 11. apríl 2003.
- Hádegisverðarfundir verða haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar skv. venju.

Endurmenntunareiningar

Með vísan til reglugerðar um endurmenntun endurskoðenda þá hófst nýtt söfnunartímabil (þriggja ára tímabil) þann 1. janúar í ár og því lýkur 31. desember árið 2004. Félagsmenn eru hvattir til að skrá endurmenntunareiningarnar sem safnast jafnóðum á þar til gert eyðublað. Fyrsta eyðublaðinu þarf að skila inn til skrifstofu FLE fyrir 31. janúar 2003.

Lög um endurskoðendur nr. 18/1997

Þann 7. mars s.l. voru gerðar breytingar á lögum um endurskoðendur nr. 18/1997 sem fela í sér að endurskoðendafyrirtækjum er skylt að hafa nöfn og heimilisföng félagsmanna eða hluthafa aðgengileg almenningi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fyrirtæki geti ýmist haft aðgengilegan lista eða jafnvel upplýsingar á netsíðum félagsins til að fullnægja framangreindum skuldbindingum. Breytingarnar eru vegna samningsskuldbindinga vegna EES samningsins.

Tölvupóstfang FLE

Félag löggiltra endurskoðenda fékk nýtt tölvupóstfang fyrir nokkrum mánuðum.

fle@fle.is

Tölvupóstfang framkvæmdastjóra er arnbjorg@fle.is

Heimasíða félagsins er

www.fle.is

Af stjórnarborði

Reglugerð um grænt bókhald – Fyrsta bókhaldsár 2003

Á vorþingi 2001 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem kveðið er á um að tiltekin starfsleyfis-skyld fyrirtæki skuli færa grænt bókhald. Samkvæmt lögnum skal fyrsta bókhaldsár græns bókhalds vera árið 2003. Í lögnum er kveðið á um það að skýrslur um grænt bókhald skuli endurskoðaðar á sambærilegan hátt og fjárhagsbókhald fyrirtækja. Í júlí sl. fékk FLE til umsagnar frá umhverfisráðuneytinu drög að reglugerð um grænt bókhald. Í þessum drögum er gert ráð fyrir því að endurskoðun græns bókhalds skuli framkvæmd af „til þess bærum“ aðila sem ennfremur skal vera „óháður og hlutlaus“. Samkvæmt þessu virðast drögin gera ráð fyrir að aðrir en endurskoðendur geti endurskoðað skýrslur um grænt bókhald. Þessir aðilar skulu þó vera „óháðir og hlutlausir“, án þess að það sé skýrt nánar hvað í því felst.

Álitsnefnd FLE gerði ýmsar athugasemdir við drögin en lagði sérstaka áherslu á það í um-sögn sinni að ekki verði gerðar minni kröfur um þekkingu og reynslu á sviði endurskoðunar til þeirra sem endurskoða skýrslur um grænt bókhald en þeirra sem kjörnir eru til að endurskoða ársreikninga fyrirtækja. Lagasetning þessi um grænt bókhald mun byggja mjög á danskri fyrirmynd. Reynslan þar í landi mun hafa verið sú að í langflestum tilvikum hefur endurskoðun á skýrslum um grænt bókhald verið unnin af endurskoðendum. Ekki er ástæða til að ætla að þróunin verði með öðrum hætti hérlendis. Gera má ráð fyrir að reglugerð um grænt bókhald verði staðfest af ráðherra á allra næstu vikum.

Þar sem nú styttist í fyrsta bókhaldsár græns bókhalds beini ég því til félagsmanna FLE að þeir kynni sér sem best ákvæði nefndra laga sem og boðaðrar reglugerðar þannig að þeir verði sem best í stakk búnir að þjóna viðskipta-vinum sínum á þessu sviði.

Ársfundur Norræna endurskoðendasambandsins (NRF) á Svalbarða

Eins og alþekkt er í norrænu samstarfi þá skiptast félög endurskoðenda á Norðurlöndunum á um að halda ársfundi NRF. Á árinu 2000 var fundurinn haldinn hér á landi, í fyrra var hann í Finnlandi og nú í ár var röðin komin að Norðmönnum. Óhætt er að segja að þeir hafi valið fundarstað nokkuð fjarri alfaraleið er þeir ákváðu að bjóða til fundar á Svalbarða dagana 15. — 18. ágúst. Fyrir hönd FLE sóttu fundinn formaður og varaformaður félagsins ásamt mökum. Að kvöldi fimmtudagsins 15. ágúst hittum



Guðmundur Snorrason
Formaður FLE .

búa um 800 Rússar. Athyglisvert var að sjá hvað allt var þarna með öðrum brag en í Longyerby-en. Mannvirki voru mörg í mikilli niðurníðslu og íbúarnir virðast hafa lítið annað við að vera en að vinna, borða og sofa. Á bakaleiðinni var siglt upp að ísröndinni, m.a. til að kanna hvort ísbirnir væru tilbúnir að sýna sig en því miður án árangurs. Á laugardegnum 17. ágúst var hinn eiginlegi fundardagur. Á meðan á fundinum



Íslendingar og Finnar ná vel saman.

við Íslendingarnir hina norrænu vini okkar á Gardermoen flugvelli við Osló. Þaðan var síðan flogið í norðurátt og lent við bæinn Longyerby-en á Svalbarða um miðnætti. Í Longyerbyen búa um 1400 Norðmenn. Þar er ágætis Radison SAS hótél sem við gistum á og þar fór fundurinn líka fram. Að morgni næsta dags var farið með okkur í siglingu út ísfjörðinn og m.a. komið við í rússneska námubænum Barentsburg en þar

stóð var mökum fundarmanna boðið í leiðsöguferð um Longyerbyen. Að morgni sunnudagsins 18. ágúst var farið með okkur ofan í eina af kolanámum bæjarins en hún hafði ekki verið starfrækt um nokkurt skeið. Þar fengum við að kynnast ótrúlega erfiðum aðstæðum sem kolanámumenn hafa þurft að búa við. Öll komumst við heilu og höldnu upp úr námunni. Ég heyrði það á sumum kollegunum eftir þessa „starfs-



Sigríður Elsa Oddsdóttir og Björn Markland leita ísbjarna á Svalbarða.

kynningu" að þeir væru ákveðnir í að halda sig bara áfram í endurskoðuninni. Eftir hádegisverð þennan sunnudag var haldið í loftið, millilent í Tromsø og lent á Gardermoen um kvöldmatarleytið. Þá skildu leiðir. Við kvöddum norræna vini okkar og héldum áleiðis til Íslands. Við lentum á Keflavíkurvelli um miðnætti. Ógleymanlegri ferð var lokið.

Skal nú vikið að faglegum hluta ferðarinnar.

Frá sl. áramótum hefur Daninn Bent Hansen verið formaður NRF en hann tók þá við af Árna Tómassyni, sem verið hafði formaður tvö árin þar á undan.

Eins og jafnan áður á fundum sem þessum þá bera menn saman bækur sínar, gera grein fyrir því sem gerst hefur frá síðasta fundi og hvaða áform eru um framtíðina.

Fram kom að fjöldi félaga í danska félaginu (FSR) er nú 2.708, í því sænska (FAR) eru 2.043 félagar, 3.153 í norska félaginu (DnR) og 569 í því finnska. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi eru konur um 25% félagsmanna. Til samanburðar eru konur í FLE um 15% félagsmanna.

Sérstakur gestur fundarins var Göran Tids-tröm, forseti Evrópusambands endurskoðenda (FEE). Hann ræddi m.a. um hlutverk Evrópusambandsins við setningu reglna og staðla og skyldur aðildarþjóða í því sambandi. Þá gerði hann grein fyrir hlutverki FEE við að stuðla að samræmingu reglna milli aðildarfélaga FEE. Einnig fjallaði hann um það hvernig FEE væri að reyna

að stuðla að samræmingu reglna á heimsvísu með því að eiga samstarf við ýmsa áhrifaaðila, s.s. Alþjóðasamband endurskoðenda (IFAC).

Af því sem fram kom á fundinum er ljóst að eitt af meginviðfangsefnum norrænu félaganna felst í því að tryggja að reglur sem varða störf endurskoðenda séu í sem bestu samræmi við þau tilmæli og þær kröfur sem koma að utan s.s. frá Evrópusambandinu (ESB), Evrópusambandi endurskoðenda (FEE) og Alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC). Meðal nærtækra viðfangsefna má nefna:

- auknar kröfur um **óhæði**, sbr. nýleg tilmæli ESB frá maí sl.
- lágmarkskröfur um **gæðaeftirlit**, sbr. tilmæli ESB frá nóvember 2000
- kröfur ESB um upptöku **alþjóðlegra reikningsskilastaðla** við gerð samstæðureikningsskila skráðra félaga frá og með árinu 2005.
- tilmæli FEE um upptöku **alþjóðlegra endurskoðunarstaðla** frá árinu 2005.

Innleiðing þessara krafna er ýmist gerð með því að fagfélögin staðfesta sjálf slíkar reglur eða að þau reyna að hafa frumkvæði að því að stjórnvöld breyti lögum.

Hér skulu nefnd dæmi um áhrif þessara krafna á lagasetningu:

- **Ný lög um ársreikninga** m.a. til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla og skyldu til að gera samstæðureikninga skráðra félaga í samræmi við þá frá og með árinu 2005. Ný ársreikningalög tóku t.d. gildi í Danmörku í ársbyrjun 2002 þar sem m.a. er komið til móts við þessar kröfur.
- **Ný lög um endurskoðendur** m.a. til að uppfylla tilskipanir og tilmæli ESB varðandi óhæði endurskoðenda. Ný lög um endurskoðendur tóku gildi í Svíþjóð 1. janúar 2002 og í Noregi ganga í gildi ný lög 1. janúar 2003. Bæði sænsku og norsku lög-in taka tillit til þessara nýju óhæðiskrafna. Danir vinna að endurskoðun laganna og gera ráð fyrir að ganga lengra en Svíar og Norðmenn með því að lögbinda þar einnig kröfur um gæðaeftirlit. Í Noregi hafa norska félagið og bankaefntirlitið unnið saman að mótun reglna um gæðaeftirlit.

Af þessu má sjá að þau viðfangsefni sem FLE vinnur nú að eru af svipuðum toga og að framman eru talin. T.d. vinnur gæðanefnd FLE nú að mótun reglna um gæðaeftirlit til framtíðar. Þá hefur síðanefnd félagsins það verkefni að leggja fram tillögur að nýjum síðareglum endurskoðenda. Slíkt er orðið brýnt, bæði til að uppfylla núgildandi lög um endurskoðendur (sbr. 15. gr.) og til að mæta nýtilkomnum kröfum um óhæði endurskoðenda. Einnig má nefna að á vegum fjármálaráðuneytisins er nú í gangi tímabær endurskoðun ársreikningalaganna. Á komandi aðalfundi félagsins verður gerð nánari grein fyrir stöðu einstakra mála.

Í lok NRF fundarins kom fram tillaga um að reyna að stofna til sameiginlegs námskeiðahalds fyrir norræna endurskoðendur, án þess þó að þetta verkefni væri skilgreint nánar.

Að mínu mati eru fundir sem þessir mikilvægir fyrir félag okkar. Þeir auðvelda okkur að fylgjast með nýjustu strauum á okkar fagsviði og flýta þar með fyrir nauðsynlegri þróun hér á landi til samræmis við það sem er að gerast í kringum okkur.

Er ráðgjöfin horfin út úr endurskoðunarfyrirtækjunum

Á síðustu tveimur árum hafa orðið miklar breytingar á rekstri stóru endurskoðunarfyrirtækjanna „Big5“, Deloitte & Touche (D&T), Ernst & Young (E&Y), KPMG, PWC og Arthur Andersen (AA). Hér á eftir er ætlunin að segja frá því helsta sem hefur einkennt þessa þróun án þess að leggja í smáatriðum yfir einstök fyrirtæki.

Arthur Andersen / Accenture

Fyrir um tveimur árum voru í gangi hörð átök milli endurskoðunararms og ráðgjafararms Andersen. Á þeim tíma var þegar búið að aðskilja reksturinn í Arthur Andersen og Andersen Consulting. Engu að síður átti endurskoðunarfyrirtækið stóran eignarhlut í ráðgjöfinni og olli það ágreiningi meðal eigenda þegar á ný tók að myndast ráðgjafarsvið innan Arthur Andersen. Málið endaði fyrir dómstólum og lyktaði m.a. með því að Andersen Consulting þurfti að breyta nafni sínu í Accenture.

Óhæðisumræðan

Um svipað leyti vaknaði umræða um það innan bandaríska verðbréfaeftirlitsins hvort eðlilegt væri að endurskoðunarfyrirtæki gætu selt fyrirtækjum ráðgjöf í stórum stíl. Þá voru ráðgjafarsvið sumra Big5 að þróast í auknum mæli yfir í upplýsingatækniráðgjöf enda stóð Internetbólan sem hæst um þetta leyti. Þar sem markaðurinn var tilbúinn að greiða hátt verð fyrir hlutabréf í fyrirtækjum sem störfuðu í upplýsingatækni gafst endurskoðunarfyrirtækjunum tækifæri í því að selja ráðgjafarstarfsemina á hagstæðu verði og bregðast um leið við þeirri óvissu um heimild þeirra til eignarhalds í ráðgjöf olli.

Ernst & Young

Ernst & Young urðu fyrstir til að selja sína starfsemi og kaupandinn var alþjóðlegt upplýsingatæknifyrirtæki sem hét Cap Gemini. Eftir kaupin heitir fyrirtækið Cap Gemini Ernst & Young (CGEY).

KPMG Consulting

Næstir í röðinni var KPMG en breytingin á þeirra starfsemi varð fyrst bundin við Bandaríkinn. Upphafið var að Cisco keypti 19% hlut í KPMG Consulting Inc. við stofnun þess, fyrir einn milljarð dollara og gerðist eins konar kjölfestufjórðing. Þetta var í ársbyrjun 2000 en í febrúar 2001 var félagið skráð á Nasdaq. Þá þegar hafði verð á fyrirtækjum í þessari grein fallið verulega frá þeim tíma er E&Y seldu.

Í Evrópu tók þróunin lengri tíma og viðræður KPMG í Evrópu og KPMG Consulting Inc. um kaup þeirra síðarnefndu á ráðgjöfinni í Evrópu stóðu í u.þ.b. eitt ár. Á meðan viðræðurnar fóru fram hélt verð ráðgjafarfyrirtækjanna áfram að þróast niður á við. Að lokum varð niðurstaðan sú að KPMG Consulting Inc. keypti starfsemina í Þýskalandi, Austurríki og Sviss en starfsemin í Bretlandi og Hollandi var seld til tölvufyrirtækisins AtosOrigin sem er franskt/hollenskt fyrirtæki í um 40% eigu Philips samsteypunnar.

HP/PwC þróast yfir í IBM/PwC

Á árinu 2000 áttu Hewlett Packard (HP) í viðræðum við PwC um kaup á ráðgjafarstarfsemi fyrirtækisins. Viðræður þessar voru nokkuð áberandi í fjölmiðlum vegna samninga um verð. PwC vildi fá um 18 milljarða dollara fyrir reksturinn en HP buðu 13 milljarða. Telja má líklegt að hægt hefði verið að loka samningum á um 16 milljarða dollara söluverði. Það náðist hins vegar ekki og dróst nokkuð að aðskilja ráðgjöfina frá endurskoðuninni innan PwC. Um mitt árið 2001 hófst þó undirbúningur að sölu ráðgjafarinnar að nýju og var stefnt að útboði á bréfum (IPO) í ágúst 2002. Um það leyti að markaðurinn var að sjá fyrstu merki um hið nýja fyrirtæki sem fékk nafnið MONDAY, birtust fyrisagnir í blöðum um kaup IBM Global Services á rekstrinum.

Niðurstaðan hjá PwC varð því að selja starf-



Ragnar Þórir Guðgeirsson, endurskoðandi.

semina til IBM fyrir 3,5 milljarða dollara eða um 10-13 milljörðum minna en hugsanlega hefði fengist við sölu á árinu 2000.

Eflaust má finna margar skýringar á því af hverju PwC seldu þrátt fyrir að verðið væri svo lágt. Ein af skýringunum er að eftir Enron málið komu fram kröfur frá hluthöfum skráðra fyrirtækja í Bandaríkjunum um að kaupa ekki ráðgjöf af sama fyrirtæki og annaðist endurskoðun þeirra. Á fáum vikum missti PwC Consulting af þessum sökum á bilinu 100-200 milljónir dollara viðskipti. Önnur skýring sem Consultants News fjallar um í ágústhefti sínu er að lífeyrisskuldbindingar PwC hafi valdið því að nauðsynlegt var að innleysa fé með sölu á ráðgjöfinni.

Eftir kaup IBM á rekstri PwC verður IBM með 19,6% af alþjóðlegum markaði fyrir ráðgjöf á sviði upplýsingatækni.

Upplausn Andersen

Á örfáum vikum horfði endurskoðunargeirinn á einn af risunum á endurskoðunar- og ráðgjafarmarkaðnum liðast í sundur í kjölfar hins umtalda Enron máls. Starfsemin í hinum ýmsu löndum hefur ýmist lagst af og starfsfólk fært sig til annarra fyrirtækja eða einstakar einingar hafa verið seldar til annarra ráðgjafarfyrirtækja. D&T voru fyrstir til að taka yfir starfsemi þeirra í nokkrum löndum og m.a. tóku þeir yfir ráðgjafa hlutann í Belgíu, Brasilíu, Kanada, Mexico, Hollandi,



Portúgal, Taiwan og Bretlandi. KPMG Consulting fyrirtök 23 „Andersen Consulting partnerships“ víða um heim og náðu þannig markmiði sínu um að verða Global fyrirtæki á árinu 2002.

Deloitte Consulting klofnar frá D&T og verður Braxton

Það fyrirtæki af „Big5“ sem hefur farið hægst í aðskilnað endurskoðunar og ráðgjafar eru D&T. Þeirra ráðgjöf sker sig einnig verulega úr varðandi þróun á einstökum sviðum ráðgjafarinnar eins og sjá má á meðfylgjandi mynd frá tímaritinu Consulting News. Á meðan hin „Big5“ ráðgjafarfyrirtækin hafa verið að auka áherslu á upplýsingatækni hefur Deloitte Consulting verið að vaxa hratt á sviði stefnumótunar og nálgast markaðshlutdeild þeirra nú McKinsey sem hefur verið talinn ótvíræður leiðtogi í þeirri þjónustu.

Í kjölfar Enron málsins jókst þrýstingur á D&T eins og PwC að aðskilja rekstur ráðgjafar og endurskoðunar, ella eigi það á hættu að missa stóra viðskiptavini úr ráðgjöfinni. Búið er að leggja fram áætlanir um aðskilnaðinn og er hann með nokkuð öðrum hætti en hjá hinum fyrirtækjunum. Stefnt er að kaupum stjórnenda ráðgjafarinnar á hlutum eigenda endurskoðunar- og skattahlutans (MBO). Með því er ætlunin að halda ráðgjöfinni í eigu stjórnenda í stað þess að fara á markað eins og hin félögin.

Ráðgjöfin innan D&T hefur verið rekin undir nafninu Deloitte Consulting um nokkurt skeið en þegar hefur verið tilkynnt að nafni fyrirtækisins verði breytt í Braxton. Nafnið kemur frá félagi sem hefur verið í eigu D&T frá 1984 og hét Braxton Associates. Gera má ráð fyrir að breytingarnar hjá D&T eigi sér stað í árslok 2002.


Hver mun þróunin verða?

Áhugavert er að skoða hvert hin ýmsu ráðgjafarfyrirtæki stefna í þjónustuframboði sínu. Þannig er Deloitte Consulting og Accenture að auka áherslu á stefnumótun á meðan KPMG Consulting Inc., Cap Gemini Ernst & Young og PwC (nú IBM) eru að þróast meira yfir í upplýsingatækni.

Enn er stór hluti af rekstri „Big4“ endurskoðunarfyrirtækjanna, sem eftir standa, fólgin í ýmis konar ráðgjöf, s.s. á sviði skattamála, fjármála og almennri ráðgjöf um verkferli sem tengist óhjákvæmilega endurskoðuninni sjálfri. Eftir þá miklu uppstokkun sem hefur orðið hjá fyrirtækjunum á síðustu tveimur árum vaknar óneitanlega sú spurning hvort umræðan um óhæði endurskoðenda sé að komast á endapunkt eða hvort hún eigi eftir að halda áfram og breyta enn meira rekstrarumhverfi þessara fyrirtækja. Mesta hættan er að starf endurskoðenda þróist í þá átt að ungt fólk hætti að sækjast eftir störfum við endurskoðun. Stór þáttur í að viðhalda aðdráttarafli stéttarinnar er að geta veitt fyrirtækjum ráðgjöf að einhverju leyti samhliða endurskoðuninni.

Fer þróunin í hring?

Eitt af því sem starfsmenn innan ráðgjafarfyrirtækjanna velja fyrir sér er hvort endurskoðunarfyrirtækin geti af sér ný ráðgjafarsvið innan fárra ára sem aftur kalla á sölu og uppstokkun í rekstrinum. Hægt er að velja því fyrir sér í ljósi sögunnar hjá Arthur Andersen, þar sem til varð nýtt ráðgjafarfyrirtæki eftir að Andersen Consulting sleit sig frá endurskoðuninni.



Til sölu á skrifstofu FLE

Handbók endurskoðenda. Útg. af FLE, 1996. Verð kr. 2.280,-
Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-
IAS - International Accounting Standards 2002. Verð kr. 8.990,- án vsk.
Endurskoðandinn, Hlutverk og ábyrgð. Afhentur án endurgjalds á skrifstofu FLE.

Frá menntunarnefnd FLE

Enn eitt haustið er upp runnið eftir vætusamt sumar. Endurskoðendur eru þó vonandi endurnærðir og tilbúnir að takast á við verkefni framundan. Haustráðstefna félagsins stendur fyrir dyrum, haustönn Endurmenntunarstofnunar er hafin og mikið er um námskeiðahald hjá endurskoðunarfyrirtækjunum. Við störfum í síbreytilegu umhverfi og því er nú þörf sem aldrei fyrr að huga vel að símenntun.

Endurskoðendadagur

Árlegur endurskoðendadagur félagsins var haldinn í Salnum þann 19. apríl. Á dagskrá voru ýmis efni sem ætla má að brenni á félagsmönnum. Fjallað var um þekkingaverðmæti, framsetningu og áritanir á ársfjórðungsuppgjör og síðast en ekki síst Enron málið svokallaða og hugsanleg áhrif þess á reikningsskil viðskiptavina okkar og störf okkar sem endurskoðenda.

Simon Á. Gunnarsson, endurskoðandi, fjallaði um upplýsingar um þekkingarverðmæti í reikningsskilum og hlutverk endurskoðenda í því samhengi.

Helena Hilmarsdóttir, endurskoðandi og forstöðumaður skráningarviðs Kauphallar Íslands flutti erindi um innihald þriggja og níu mánaða árhslutareikninga.

Í erindi Sveins Arasonar endurskoðanda og formanns endurskoðunarnefndar félagsins var umfjöllunarefnið áritanir á árhslutareikninga bæði kannaða árhslutareikninga og reikninga þar sem endurskoðandi veitir aðstoð við gerð og framsetningu en endurskoðar hvorki né kannar.

Fjallað var um Enron málið og áhrif þess frá þremur sjónarhornum. Sigurður Atli Jónsson framkvæmdastjóri Landsbréfa og stjórnamaður í Kauphöll Íslands fjallaði um sögu Enron málsins og hugsanlegar afleiðingar þess á kauphallarrekstur héraðs og erlendis.

Í kjölfar Enron málsins hefur umræða aukist um aðskilnað ráðgjafarstarfsemi og endurskoðunarstarfsemi hjá stóru endurskoðunarfyrirtækjunum. Ragnar Guðgeirsson endurskoðandi



Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra og Guðmundur Snorrason formaður FLE.

og framkvæmdastjóri KPMG ráðgjafar ehf. ræddi um þessa hlið mála og leitaði svara við spurningunni um hvaða ráðgjöf um væri að ræða og hvort sala ráðgjafafyrirtækjanna væri lausnir varðandi óhæði endurskoðenda.

Síðastur á mælendaskrá þessa endurskoðendadags var Stefán Svavarsson endurskoðandi og dósent við Háskóla Íslands en hann fjallaði um málið út frá endurskoðendum og hugsanlegum áhrifum þess á störf þeirra.

Fræðslufundur

Þann 31. maí stóð félagið fyrir fræðslufundi í samvinnu við fjármálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið. Tilfni fundarins var fyrirhuguð innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla á Evrópska efnahagssvæðinu ásamt ýmsum skyldum málum. Gestur fundarins var Karel Van Hulle sem er einn af yfirmönnum Evrópusambandsins. Van Hulle er einn af fremstu sérfræðingum á sínu sviði og er yfirmaður reikningsskila og fé-

lagaréttarmála hjá Evrópusambandinu. Hann hefur stýrt vinnu við innleiðingu IAS-staðlanna og þeim breytingum sem gera þarf á tilskipunum sambandsins nr. 4 og 7 í þessu sambandi. Van Hulle fjallaði um tildrög þess að ákveðið var að taka upp IAS-staðlana í Evrópu, innleiðingarferlið og fleira.

Þessi fræðslufundur er hluti af þeirri viðleitni félagsins okkar í að auðvelda félagsmönnum þær breytingar sem fram undan eru á reikningsskilum. Fyrstu skrefin í þá átt voru tekin í London á síðasta ári með fyrirlestri prófessors George Wittington frá Alþjóða reikningsskilaneftndinni. Næstu skref eru ætluð á komandi haustráðstefnu þar sem m.a. verður fjallað um hvaða breytinga helstra er þörf á reikningsskilum íslenskra fyrirtækja í þessu sambandi.

Endurmenntunareiningar

Eins og margsinnis hefur komið fram lauk fyrsta tímabili vegna söfnunar endurmenntunarein-



inga í lok síðasta árs. Langflestir félagsmenn skiluðu til félagsins yfirlitum með fullnægjandi einingafjölda og vel það. Nokkrir náðu þó ekki þeim 90 einingum sem reglugerð um endurmenntun endurskoðenda krefst. Félag löggiltra endurskoðenda hefur það hlutverk, samkvæmt reglugerðinni, að safna upplýsingum um einingasöfunun allra starfandi endurskoðenda og halda um þær yfirlit. Þá ber félaginu að tilkynna til fjármálaráðuneytisins um þá endurskoðendur sem ekki uppfylla skilyrði reglugerðarinnar. Það var gert nú í sumar þegar fullreynt þótti með söfnun yfirlitanna. Mál þeirra sem ekki uppfylltu skilyrðin eru nú í höndum ráðuneytisins.

Starfið framundan

Dagana 8. og 9. nóvember verður hin árlega haustráðstefna félagsins haldin. Fyrri hluti ráðstefnunnar verður eins og síðustu ár opin öllum. Að þessu sinni verður umfjöllunarefnið þrjú þættir en þó tengt að hluta. Fjallað verður um starfsemi lífeyrissjóða, en íslenskir lífeyrissjóðir eru stærstu vörsluaðilar sparifjár landsmanna jafnframt því að vega þungt í hópi íslenskra fjárfesta. Þá verður litið um öxl og hugað að því hver staða íslensks verðbréfamarkaðar er nú þegar nokkuð er liðið frá því hann leit fyrst dagsins ljós, hver hafa áhrif hans orðið á efnahagslífið og hvers má vænta. Loks verður litið til sprotafyrirtækja og hugað að aðgangi þeirra að fjármagni. Má því segja að ráðstefnan færir frá framboði fjármagns yfir í eftirspurn.

Síðari dagur ráðstefnunnar er einungis ætlaður félagsmönnum. Innleiðing IAS-staðlanna verður til umfjöllunar og nú í því ljósi hvaða breytingum íslensk fyrirtæki standa frammi fyrir og hvaða þættir reikningsskilanna það eru helstir sem þörf verður á að aðlaga nýjum reglum.

Í starfsemi félags sem okkar er nauðsynlegt að staldra við á stundum og velta fyrir sér hvert halda skal. Á ráðstefnunni er ætlunin að fjalla um stöðu FLE, hlutverk þess og framtíð. Loks fáum við góðan gest sem ætlar að fræða okkur um árangurssinnað hugarfar.

Að ráðstefnu lokinni verður hádegisverðarfundur nóvembermánaðar og að honum loknum aðalfundur félagsins. Menntunarnefnd vonar að dagskráin höfði til félagsmanna og að vænta megi afburðabátttöku nú eins sem fyrr.

DAGSKRÁ

12:30 - 13:00
13:00 - 13:20

13:20 - 14:40

14:40 - 15:00
15:00 - 16:00

16:00 - 17:00

Haustráðstefna FLE. FÖSTUDAGUR 8. nóvember 2002 Hótel Loftleiðir ~ Þingsalir 1 - 4 ~ Ráðstefnustjóri: Ómar H. Björnsson

SKRÁNING OG AFHENDING FUNDARGAGNA SETNING RÁÐSTEFNU

Guðmundur Snorrason, formaður FLE
Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra

LÍFEYRISMÁL

Málefni lífeyrissjóða hafa verið nokkuð til umræðu á undanföllum mánuðum. Slök afkoma margra sjóða á síðasta ári hefur vakið upp spurningar um hver sé eðlileg fjárfestingastefna þeirra og hvernig vega skuli saman áhættu og ávöxtun. Samfélagslegt hlutverk sjóðanna er stórt hér á landi enda eru þeir sem heild stærsti vörsluadili sparifjár landsmanna auk þess að vera einn mikilvægasti fjárfestir landsins.

Bjarni Brynjólfsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Framsýnar

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands

Már Guðmundsson, aðalhafgræðingur Seðlabanka Íslands

KAFFIHLÉ

FJÁRMÁLAMARKAÐURINN

Fyrir nokkrum árum horfðu menn til hins nýtilkomna fjármálamarkaðar á Íslandi með bjartsýni og miklum væntingum. Margt hefur breytst á þessum tíma og myndin ef til vill nokkuð önnur en menn væntu. Horft verður til stöðu markaðarins og áhrifa hans á efnahagslífið og fyrirtækin.

Páll Harðarson, forstöðumaður rekstrarsviðs hjá Kauphöll Íslands hf.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Búnaðarbanka Íslands hf.

SPROTAFYRIRTÆKI

Fyrir nokkrum árum virtist tiltölulega auðvelt fyrir fyrirtæki í nýsköpun og nýjum atvinnugreinum að afla fjármagns til þróunar og uppbyggingar. Í kjölfar samdráttar á hlutabréfamarkaði hefur þessi róður þungt. Fjallað verður um hvernig þeir sem leggja til slíkt fjármagn meta þau verkefni sem um ræðir og hvaða leiðir eru færar þegar koma á góðri hugmynd í framkvæmd.

Úlfar Steindórsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs

Rúnar Ómarsson, framkvæmdastjóri Nikita ehf.

Magnús Scheving, framkvæmdastjóri Latabæjar ehf.

DAGSKRÁ

9:15 - 10:00

10:00 - 10:20
10:20 - 11:20

11:20 - 12:00

12:00
12:00 - 13:30

Haustráðstefna FLE. LAUGARDAGUR 9. nóvember 2002 Hótel Loftleiðir ~ Þingsalir 1 - 4 ~ Ráðstefnustjóri: Ómar H. Björnsson

SÍÐARI DAGUR RÁÐSTEFNUNNAR ER EINGÖNGU ÆTLAÐUR FÉLAGSMÖNNUM FLE. INNLEIÐING ALPJÓÐLEGRA REIKNINGSSKILASTAÐLA

Að undanfönu hefur félagið á fundum sínum og ráðstefnum staðið fyrir kynningu á nýjum reglum Evrópusambandsins sem skylda öll skráð félög á Evrópska efnahagssvæðinu til að gera samstæðureikninga sína í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Hvaða breytingar þurfa í framhaldinu að verða á íslenskum ársreikningalögum og hvað er það sem breytist helst í reikningsskilum íslenskra fyrirtækja?

Elva Ósk Wiium, lögfræðingur, Fjármálaráðuneyti.

Ólafur Þór Jóhannesson, endurskoðandi.

KAFFIHLÉ

FLE STAÐA, HLUTVERK OG FRAMTÍÐ

FLE hefur nú starfað með góðum árangri um áratugaskeið. Nauðsynlegt er þó á stundum að staldra við, líta yfir farinn veg, skoða hver staðan er nú og hver sé æskileg þróun til framtíðar.

Sigríður Helga Sveinsdóttir, endurskoðandi.

Rúnar Bjarni Jóhannesson, endurskoðandi.

ÁRANGURSSINNAÐ HUGARFAR

Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur.

RÁÐSTEFNUSLIT

HÁDEGISVERÐUR Í VÍKINGASAL

Mikilvægi endurskoðunar frá sjónarhóli fjármálafyrirtækja

Árni Tómasson, endurskoðandi.

Ráðstefnan gefur samtals 15 einingar skv. reglugerð um endurmenntun endurskoðenda. Ráðstefnugjald er 17.500 kr.

Þátttökutilkynning berist Félagi löggiltra endurskoðenda fyrir 5. nóvember.

Tölvupóstur: fle@fle.is

Sími: 568 8118 Fax: 568 8139

Nýjar CAD-reglur fyrir fjármálafyrirtæki

Hin fjölbjóðlega Baselnefnd um bankaeftirlit hefur nú um nokkurt skeið unnið að samningu nýrra alþjóðlegra reglna um eiginfjárlutfall banka. Reglur þessar eiga að taka við af núverandi reglum sem að stofni til eru frá árinu 1988, með viðbótum um eiginfjárahættu vegna markaðsáhættu sem í löndum hins evrópska efnahagssvæðis var innleidd í samræmi við hina svokölluðu CAD tilskipun ESB. Markmið með þessari endurskoðun nú er að útreikningur eiginfjárlutfalls taki í meira mæli mið af raunáhættu-stigi í rekstri viðkomandi fjármálafyrirtækis og að regluverkið byggji á auknu mæli á viðurkenndum áhættumatsaðferðum í bankarekstri. Breyting sú sem nú er í undirbúningi er afar umfangsmikil og er því talið að innleiðing hinna nýju reglna muni hafa viðtæk áhrif á starfsemi þeirra banka og fjármálafyrirtækja sem undir þær falla.

Hér á landi eru tilskipanir ESB grundvöllur laga- og reglusetningar á þessu sviði. Fram til þessa hafa tilskipanir ESB verið nokkuð samhljóða hinum alþjóðlegu Basel reglum en þó er sá grundvallarmunur að tilskipanir ESB ná til allra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja sem starfa á hinu evrópska efnahagssvæði, en reglum Basel nefndarinnar er fyrst og fremst beint að stórum bönkum sem starfa á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði. Samhliða vinnu Basel nefndarinnar er unnið að undirbúningi nýrrar tilskipunar ESB á þessu sviði.

Almennt um hinar nýju reglur

Tillögur Baselnefndarinnar skiptast í 3 megin hluta. Fyrsti hluti er um útreikning á áhættugrunni og eiginfjárlutfalli. Annar hluti fjallar um heimildir fjármálaeftirlita til að setja hærri eiginfjárkröfu en 8%. Þriðji hluti fjallar síðan um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja til markaðarins í formi sundurliðana og skýringa í árs-

reikningi sem tryggja á virkara aðhald markaðarins með þróun áhættustigs fjármálafyrirtækja.

Ekki er gert ráð fyrir að nein grundvallarbreyting verði á skilgreiningu eiginfjárbáttu. Áfram er miðað við bókfært eigið fé (eiginfjárbáttur A) að viðbættum vijkandi lánnum sem uppfylla nánar tiltekin skilyrði (eiginfjárbáttur B og C). Áhættugrunnurinn verður sem fyrr eignir og liðir utan efnahagsreiknings þar sem einstakir liðir hafa verið vegnir inn m.t.t. mats á undirliggjandi áhættu þessara liða. Sú grundvallarbreyting verður hins vegar gerð að við þetta mat bætist nú áhættubáttur sem áður hefur ekki verið tekið tillit til. Þessi viðbót er vegna svokallaðrar rekstraráhættu en rekstraráhætta er skilgreind sem það fjárhagslega tjón sem fjármálafyrirtæki gæti orðið fyrir vegna veikleika í innri verkferlum eða tölvukerfum, misferlum eða mistökum starfsmanna og/eða vegna ytri atburða.

Samkvæmt þessu verður útreikningur á CAD-eiginfjárlutfalli í framtíðinni með eftirfarandi hætti:

**(EIGINFJÁRÞ. A + EIGINFJÁRÞ. B + EIGINFJÁRÞ. C)
(ÚTLÁNAÁHÆTTA + MARKAÐSÁHÆTTA + REKSTRARÁHÆTTA)**

Engar verulegar breytingar verða í nýjum reglum varðandi mat á markaðsáhættu en margháttaðar breytingar verða hins vegar hvað varðar útreikning á áhættugrunni vegna útlána-áhættu. Megin breytingin verður sú að í stað einfaldrar flokkunar útlána í áhættuvogir munu bankar og önnur fjármálafyrirtæki geta byggt áhættugrunnsútreikning sinn á innri áhættumatskerfum og er í reglum lýst þeim aðferðum sem heimilt er að byggja slíkan útreikning á. Grundvöllur slíks innra áhættumatskerfis fyrir



Sigurjón G. Geirsson, endurskoðandi Framkvæmdastjóri hjá Landsbanka Íslands hf.

útlán eru vanskilalíkindi einstakra áhættuflokka útlána, sem skal byggja að lágmarki á þriggja ára reynslutölum. Fyrir þá banka sem munu nýta sér slík innri áhættumatskerfi verða til staðar nokkuð víðtækar heimildir til að taka tillit til veðtrygginga fyrir einstökum útlánnum. Auk þess verður í reglum að finna heimild til að byggja í slíku áhættumati einnig á reynslutölum viðkomandi fjármálafyrirtækis varðandi tapshlutfall höfuðstóls þeirra útlána sem í vanskil fara.

Áhrif nýrra reglna

Ljóst er að hinar nýju reglur munu hafa veruleg áhrif á eiginfjárlutfall fjármálastofnana til

hækkunar í sumum tilfellum en í öðrum til lækkunar. Auk þess mun fjármálaeftirlitið fá skýra lagaheimild til að setja viðbótar eiginfjárkröfu á einstakar fjármálastofnanir. Einnig munu aukast kröfur um sundurliðanir í ársreikningum um undirliggjandi áhættuþætti í rekstri viðkomandi fjármálafyrirtækis. Innleiðing innri áhættumatskerfa við flokkun útlána í samræmi við þær kröfur sem eru í hinum nýju reglum mun taka nokkur ár, enda er gerð krafa um að byggt sé á reynslutölum varðandi vanskilalíkindi útlána í



einstökum áhættuflokkum. Þeir bankar sem munu nýta slíkar aðferðir við útreikning á áhættugrunni munu njóta þess í formi lægri eiginfjárfafna. Sama mun eiga við um rekstrar-áhættu, þ.e. að þeir bankar sem munu nýta við-urkenndar matsaðferðir við eftirlit með rekstrar-áhættu munu njóta þess í formi lægra eiginfjárfafna. Þeir bankar sem ekki byggja upp slík við-urkennd áhættumatskerfi geta hins vegar búist við að áhættugrunnur og þar með eiginfjárfafa þeirra hækki við gildistöku hinna nýju reglna.

Kostnaður og vinna við að byggja upp þá verkferla og tækniúhverfi sem nauðsynlegt er til að uppfylla kröfur hinna nýju reglna mun verða verulegur. Það sem hins vegar er jákvætt er að sá kostnaður mun í all flestum tilfellum skila sér í almennt betri áhættustýringu, enda er það eitt megin markmið hins nýja regluverks að það styðji vel við viðurkenndar áhættumats- aðferðir á sviði bankarekstrar.

Nú eru um 3 ár frá því að fyrstu drög að hin- um nýju reglum voru send út til umsagnar, en

síðan þá hefur mikil þróun átt sér stað í þessu regluverki. Nú er gert ráð fyrir að reglurnar liggi fyrir í endanlegri mynd á næsta ári og að þær taki gildi á árunum 2006 og 2007. Þrátt fyrir að langur tími sé til stefnu er nauðsynlegt fyrir stjórnendur íslenskra fjármálafyrirtækja og endurskoðendur þeirra að fara að kynna sér vel hið nýja regluverk og hefja sem fyrst undirbún- ing að innleiðingu þess.

International Accounting Standards 2002

Nú er komin ný og endurbætt útgáfa af International Accounting Standards 2002.

Meðal efnis er:

- Introduction
- IASC Constitution
- Preface to Statements of International Accounting Standards
- Framework for the Preparation and Presentation of Financial Statements
- International Accounting Standards (IAS 1 — IAS 41)
- Standing Interpretations Committee (SIC) — Interpretations of International Accounting Standards (SIC-1 — SIC-33)
- IAS 39 Implementation Guidance — Questions and Answers
- Glossary of Terms
- History of International Accounting Standards
- Index.

Staðlarnir eru til sölu á skrifstofu FLE. Verð kr. 8.990,- að viðbættum vsk.

Þeir sem hafa áhuga á að fá þessa nýjustu útgáfu er vinsamlegast beðnir að nálgast eintakið hér.

Skrifstofa FLE

Endurskoðun á lögum um ársreikninga og bókhald

Fjármálaráðherra skipaði nefnd á haustmánuðum 2000 til að endurskoða lög nr. 144/1994 um ársreikninga og lög nr. 145/1994 um bókhald með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur hér á landi og annars staðar, meðal annars á vettvangi ESB þar sem ráðgerð er upptaka IAS staða (International Accounting Standards).

Fyrsta verkefni nefndarinnar var að kanna möguleika á færslu bókhalds og samningu ársreikninga í erlendri mynt. Nefndin skilaði skýrslu um það efni seinni hluta árs 2001 og var frumvarp sem heimilar færslu bókhalds og skil ársreikninga í erlendri mynt samþykkt á alþingi 5. apríl 2002.

Undirritaður var skipaður í nefndina í apríl 2002, tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda. Aðrir í nefndinni eru Guðmundur Guðbjarnarson viðskiptafræðingur hjá embætti ríkisskattstjóra, formaður, Jón Guðmundsson viðskiptafræðingur hjá tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, Sveinn Arason endurskoðandi hjá Ríkisendurskoðun og Elva Ósk Wiium lögfræðingur tekju- og lagaskrifstofu.

Samkvæmt skipunarbréfi undirritaðs var ráðgert að næsta verkefni nefndarinnar yrði almenn endurskoðun á lögum um bókhald og ársreikninga. Nefndin átti að skila endanlegum tillögum fyrir lok september 2002 í formi frumvarps að höfðu samráði við Reikningsskilaráð. Þar sem fyrirleggjandi voru athugasemdir ESA (Efta Surveillance Authority) varðandi tiltekin atriði í fjórðu og sjöundu tilskipunum ESB sem ekki eru uppfyllt í íslensku ársreikningalögum telur ráðuneytið brýnt að ljúka vinnu við endurskoðun á lögum með tilliti til athugasemdana. Sá tímarammi sem gefinn var upp vegna þeirrar endurskoðunar er liðinn. Nefndin hefur síðan í maí sl. unnið að þessari endurskoðun og er sú vinna komin vel á veg. Skal nú farið í stuttu máli yfir hvaða athugasemdir er um að ræða.

Eftir að hafa skoðað lög nr. 144/1994 um ársreikninga (með breytingum skv. lögum nr. 37/1995 og lögum nr. 82/1998) og reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga komst ESA að þeirri niðurstöðu að löggin og reglugerðin væru ekki í samræmi við eftirfarandi ákvæði fjórðu tilskipunarinnar.

- Samkvæmt 3. tl. 2. gr. 4. tilsk. skal ársreikningur gefa glögga mynd af eignum og skuldum fyrirtækis, fjárhagsstöðu þess og afkomu. Í 5. tl. 2. gr. segir að sé það í undantekningartilvikum ósamrýmalegt þeirri skyldu sem kveðið er á um í 3. tl., að ákvæðum tilskipunarinnar sé fylgt, skuli vikið frá því ákvæði til þess að gefa glögga mynd í skilningi 3. tl. Í skýringum með ársreikningi skal greina frá slíkum frávikum ásamt ástæðum fyrir þeim og skýra þau áhrif sem þetta hefur á eignir, skuldir, fjárhagsstöðu og afkomu. Það er mat ESA að ekki nægi að heimila frávik frá ákvæðum laganna þegar þau nægja ekki til að gefa glögga mynd. Í tilskipuninni. er gert ráð fyrir að um skylduákvæði sé að ræða. Einnig er það mat ESA að ekki séu nægilega skýr ákvæði í ársreikningalögum um að í skýringum skuli greina frá frávikum ásamt ástæðum fyrir þeim og að það skuli skýra frá áhrifum frávikanna.
- Samkvæmt 17. gr. 4. tilsk. merkir hugtakið „participating interest“ rétt til eigin fjár annarra fyrirtækja, hvort sem ákriðarvottorð hefur verið gefið út fyrir honum eða ekki, sem ætlað er að efla starfsemi félagsins sem réttinn á með því að mynda varanleg tengsl við þau. Eignarhald á eigin fé annars félags telst eignarhlutur ef það fer yfir hlutfallstölu sem ákveðin er af aðildarríkjunum, en hún má ekki vera hærri en 20%.



Jóhann Unnsteinsson endurskoðandi hjá Moore Stephens ehf.

Það er mat ESA að ekki hafi tekist að skilgreina hugtakið „participating interest“ í ársreikningalögum.

- Í 19. gr. 4. tilsk. segir að verðbreytingar skuli samstanda af öllum breytingum sem ætlaðar eru til þess að taka tillit til skerðingar á verðgildi einstakra eigna sem koma fram á uppgjörsdegi, hvort sem skerðingin er endanleg eða ekki. Í bréfi íslenskra stjórnvalda frá júní 1999 er tekið á ákvæðum 19. gr. 4. tilsk. í c. lið 3. tl. 1. mgr. 20. gr. ársreikningalaganna. Svo virðist sem einhvers misskilnings gæti vegna þýðingar á íslenska orðinu verðmætisrýrnun, en það var þýtt sem „depreciation“ í ofangreindu bréfi til ESA. Einnig virðist vanta í ársreikningalögum ákvæði um að taka skuli tillit til skerðingar á verðgildi einstakra eigna, hvort sem skerðingin er varanleg eða ekki.
- Í 3. tl. 20. gr. 4. tilsk. segir „sjóðir, sem lagðir eru til hliðar vegna skuldbindinga, má ekki nota til verðbreytinga á eignum“. Það er mat nefndarinnar að hægt sé að aðlaga ársreikningalögum að þessu ákvæði með orðalagsbreytingu á 16. gr. laganna.
- Samkvæmt b-lið 1. tl. 51. gr. 4. tilsk. skal sá aðili sem annast endurskoðun ársreiknings einnig sannreyna að ársskýrslan sé í samræmi við ársreikning sama árs.



Í 65. gr. ársreikningalaganna kemur ekki beint fram að endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi að sannreyna að ársskýrsla stjórnar sé í samræmi við ársreikninginn.

- Samkvæmt 2. tl. 56. gr. 4. tilsk. er skylt að greina frá í skýringum með ársreikningi: a) heiti og skráðri skrifstofu fyrirtækis sem semur samstæðureikning fyrir stærstu fyrirtækjasamsteypuna sem félagið tengist sem dótturfyrirtæki; b) heiti og skráðri skrifstofu fyrirtækis sem semur samstæðureikning fyrir minnstu fyrirtækjasamsteypuna sem félagið tengist sem dótturfyrirtæki og sem er einnig í fyrirtækjasamsteypunni sem um getur í a-lið hér að framan; c) hvar eintök af samstæðureikningum, sem um getur á a- og b-liðum, eru fánægleg svo fremi sem þau séu tiltæk.

Eftir að hafa skoðað lög nr. 144/1994 um ársreikninga (með breytingum skv. lögum nr. 37/1995 og lögum nr. 82/1998) og reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga komst ESA að þeirri niðurstöðu að lögin og reglugerðin væru ekki í samræmi við eftirfarandi ákvæði sjöundu tilskipunarinnar.

- Samkvæmt b-lið 1. tl. 1. gr. 7. tilsk. skal aðildarríki gera kröfu um að fyrirtæki, sem starfar á grundvelli landslaga þess, semji samstæðureikning og samstæðuársskýrslu ef fyrirtækið (móðurfyrirtæki), hefur rétt til að tilnefna eða víkja úr störfum meirihluta stjórnar eða framkvæmdastjóra annars félags og er um leið hluthafi eða félagsaðili í því fyrirtæki.
Það er mat ESA að ekki hafi tekist að innleiða þetta ákvæði í íslensku ársreikningalögum.
- Í 2. tl. 2. gr. 7. tilsk. segir: „Að því er varðar beitingu a-, b- og d-liða 1. gr. skal frá þeim réttindum, sem um getur í 1. tl. dragast þau réttindi: a) sem fylgja hlutum sem annar aðili en móður- eða dótturfyrirtæki á; eða b) sem fylgja hlutum sem haldið er sem tryggingu að því tilskyldu að farið sé með þau réttindi er um ræðir í samræmi við fengin fyriræli, eða þessi trygging sé í tengslum við lánveitingar sem þáttur í

eðlilegri viðskiptastarfsemi, enda nýtist atkvæðisrétturinn í þágu þess aðila sem trygginguna setti.“ Í 1. tl. segir „Að því er varðar beitingu a-, b- og d-liða 1. tl. 1. gr. skulu auk atkvæðisréttar móðurfyrirtækis og réttar þess til tilnefningar eða brottvikningar koma til réttindi annars dótturfyrirtækis eða einstaklings sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd móðurfyrirtækis eða annars dótturfyrirtækis.“

- Það er mat ESA að ekki hafi tekist að innleiða þessi ákvæði í íslensku ársreikningalögum.
- Samkvæmt 3. gr. 7. tilsk. skal fella móðurfyrirtæki og öll dótturfyrirtæki þess undir samstæðu án tillit til hvar skráðar skrifstofur dótturfyrirtækjanna eru staðsettar.
- Ekki kemur beint fram í íslensku ársreikningalögum að inn í samstæðureikning skuli taka dótturfyrirtæki sem eru ekki skráð á Íslandi.
- Samkvæmt 7. gr. 7. tilsk. er móðurfélag sem einnig er dótturfélag og starfar á grundvelli landslaga aðildarríkis undanþegið þeirri skyldu að semja samstæðureikningsskil í eftirfarandi tveimur tilvikum: a) þegar móðurfyrirtæki á öll hlutabréf eða hluti í fyrirtækinu sem fær undanþáguna. Hlutabréf eða hlutir í því fyrirtæki í eigu stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra samkvæmt ákvæðum í lögum, stofnsamningi eða samþykktum, skulu ekki taldir með; b) þegar móðurfyrirtæki á 90% eða meira af hlutum í fyrirtækinu sem fær undanþáguna og aðrir hluthafar eða félagsaðilar þess hafa fallist á undanþáguna.
- Samkvæmt bréfum íslenskra stjórnvalda telja þau að þessi ákvæði séu innleidd með ákvæðum 2. tl. 1. mgr. 4. gr. ársreikningalaganna.
- ESA telur þessi ákvæði ekki fullnægjandi í þessu sambandi.
- 1. tl. 29. gr. 7. tilsk. hljóðar þannig: „Eignir og skuldir sem fella á undir samstæðuna skulu metnar eftir samræmdum aðferðum og samkvæmt 31. — 42. gr. og 60. gr. í 4. tilskipuninni. Í a-lið 2. tl. 29. gr. 7. tilsk. segir: „Fyrirtæki sem semur samstæðureikning skal nota sömu matsaðferðir og við gerð

eigin ársreiknings. Þó getur aðildarríki áskilið eða heimilað að notaðar séu aðrar matsaðferðir við samstæðureikning í samræmi við fyrrnefndar greinar 4. tilskipunarinnar.“

- Þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld telji að ofangreind ákvæði tilsk. hafi verið innleidd með 1. mgr. 38. gr. reglugerðar nr. 696/1996 telur ESA að ekki sé um fullnægjandi ákvæði sé að ræða.
- 3. tl. 29. gr. 7. tilsk. hljóðar þannig: „Þegar eignir og skuldir sem á að fella undir samstæðuna hafa verið metnar af fyrirtækjum í samstæðunni eftir öðrum aðferðum en þeim sem notaðar voru fyrir samstæðuna, skal endurmeta þær samkvæmt aðferðum sem notaðar voru fyrir samstæðuna, nema niðurstaða slíks endurmats skipti óverulegu máli að því er varðar 3. tl. 16. gr. Frávik frá þessari meginreglu skulu leyfð í undantekningartilvikum. Séu frávik gerð skal þeirra getið í skýringum með samstæðureikningi og ástæður fyrir þeim tilgreindar“.
- 30. gr. 7. tilsk. hljóðar þannig: „1. tl. Efnislið þann sem skilgreindur er í c-lið 1. tl. 19. gr. og samsvarar jákvæðum samstæðumismun skal meðhöndla í samræmi við ákvæði 4. tilsk., um liðinn viðskiptavild. 2. tl. Aðildarríki geta heimilað að jákvæður samstæðumismunur sé samtímis og á greinilegan hátt dreginn frá öðru eigin fé.“
- 31. gr. 7. tilsk. hljóðar þannig: „Fjárhæð þá sem skilgreind er sem sérstakur liður í c-lið 1. tl. 19. gr. og samsvarar neikvæðum samstæðumismun má einungis færa inn á samstæðan rekstrarreikning: a) þegar sá mismunur samsvarar horfum, á kaupdegi, á óhagstæðri þróun í afkomu fyrirtækis eða fyrirsjáanlegum gjöldum þess og að því marki sem þessar horfur reynast réttar, eða b) að því marki sem slíkur mismunur samsvarar raunverulegum ágóða.“
- Í 1. mgr. 33. gr. 7. tilsk. kemur fram að ef félag sem er hluti af samstæðu hefur veruleg áhrif á rekstur og fjármálastefnu fyrirtækis utan samstæðunnar (an associated company) sem það á eignarhlut í, skal eignarhluturinn tilgreindur sem sérstakur liður í

efnahagsreikningi samstæðunnar. Fyrirtæki er álitid hafa veruleg áhrif á annað fyrirtæki ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti hluthafa eða félagsaðila í því.

- Í íslensku þýðingunni á þessu ákvæði er associated company þýtt sem systurfyrirtæki. Mér sýnist hér vera um hlutdeildarfélag að ræða.
- Það er skoðun ESA að ákvæði 1. mgr. 33. gr. tilsk. hafi ekki verið innleitt með fullnægjandi hætti.
- Í 34. gr. 7. tilsk. kemur fram hvaða viðbót- arupplýsingar skuli koma fram í ársreikningum félaga innan samstæðunnar.
- Það er álit ESA að 38. gr. og 42. gr. ársreikningalaganna uppfylli ekki að öllu leiti ákvæði 34. gr. 7. tilsk.
- Í 4. tl. 37. gr. 7. tilsk. kemur fram að félag

sem hefur samið samstæðureikning en starfar ekki samkvæmt félagsformi sem fram kemur í upptalningu í 4. gr. 7. tilsk. skuli veita almenningi aðgang að samstæðureikningnum á aðalskrifstofu sinni.

- Þetta ákvæði virðist ekki hafa verið innleitt í íslensk lög.

Eins og sést á þessari upptalningu vantar mörg ákvæði í íslensku ársreikningalögin til að þau uppfylli 7. tilsk. Nefndin hefur verið að vinna að nýjum samstæðukafla í íslensku ársreikningalögunum sem verður mun ítarlegri en núverandi samstæðukafla laganna og gert er ráð fyrir að ákvæði í núverandi lögum um samstæðureikningsskil sem ekki eru í samstæðukafla íslensku ársreikningalaganna verði flutt inn í hann. Nefndin hefur haft dönsku ársreik-

ingalögin frá árinu 2001 til hliðsjónar við vinnu sína.

Eins og fram kemur hér að framan var gert ráð fyrir að nefndin skilaði tillögum í formi frumvarps fyrir lok september 2002. Ljóst er að það tókst ekki en vonir standa til að nefndin skili af sér tillögum í lok október 2002. Undirritaður tók nefndarstarfið að sér sem fulltrúi reikningsskilanefndar FLE og mun fá aðra nefndarmenn í reikningsskilanefndinni til að fara yfir drög að tillögum þegar þau liggja fyrir. Undirritaður hefur lagt fram tillögur um aðrar breytingar á ársreikningalögunum vegna ákvæða í þeim sem betur mega fara. Ef félagsmenn í FLE vilja koma á framfæri ábendingum um ákvæði í lögum sem þarfnast lagfæringar eða ákvæði sem vantar í lögin vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Viðskipta- og upplýsingakerfi

Fjárhagsbókhald, skuldnautakerfi, lánardrottnakerfi, sölureikningar, birgðakerfi, strikamerkjavinnskur, afsláttarvinnskur, launakerfi, verkþókhald, innheimtukerfi bankana, innkaupakerfi, tollkerfi, tilboðskerfi, sölupantanakerfi, áskriftakerfi, greiningavinnskur

www.dk.is



hugbúnaður

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogur • Sími 544 2290 • dk@dk.is



Eftirmáli við grein um tímamörk skattyfirvalda við afgreiðslu mála

Í 3. tölublaði FLE fréttu í desember árið 2000 birtist grein, sem undirritaður setti saman í til efni af niðurstöðu Yfirséðingardeildar í málum tveggja umbjóðenda minna og snerist fyrst og fremst um gildi þeirra tímamarka, sem landslög setja skattyfirvöldum í afgreiðslu mála. Í þessu tilviki tók málsmeðferð skattyfirvalda alls fjögur og hálf ár og þar af lágu málin að ástæðulausu óhreyfð í 28 mánuði í vörslu skattstofunnar í Reykjavík. Megininntak greinarinnar var hörð gagnrýni á skattyfirvöld fyrir að virða nánast að vettugi þau tímamörk, sem þeim eru sett og réttleysi hins almenna borgara gagnvart slíkum vinnubrögðum. Grein þessi virtist vekja nokkra athygli og m.a. sá Morgunblaðið ástæðu til að fjalla um efni hennar þann 17. janúar 2001 þar sem leitað var álits ríkisskattstjóra og formanns Yfirséðingardeildar á málum þessum og vildi hvorugur þeirra tjá sig um þessi mál öðruvísi en mjög almennt og megininntak umsagna þeirra beggja var, að þessi mál hefðu færst í mun betri farveg en áður var. Slíkt er eflaust rétt en bætir þó í engu þá stöðu sem blasir við hinum almenna borgara í málum sem þessum, ef marka má fyrrnefnda niðurstöðu Yfirséðingardeildar.

Umbjóðandi minn tók þann kost, í framhaldi af úrskurði Yfirséðingardeildar, að beina til Umboðsmanns Alþingis erindi vegna máls þessa og þeirrar ósanngjörni, sem hann taldi sig beittan. Var í kvörtun hans einkum vísað til 9. gr. stjórnsýslulaganna um málshraða og því er ekki að neita, að við bundum nokkrar vonir við þennan farveg, sem málið nú var komið í. Niðurstæða umboðsmanns varð samt sú, að aðhafast ekki frekar í máli þessu. Engu að síður kom m.a. fram í afgreiðslu hans: „Ég tel að óumdeilt sé að dráttur á afgreiðslu skattstjórnans í Reykjavík á máli H ehf. hafi verið verulegur og að meðferð embættisins hafi ekki verið í samræmi við almenna málshraðareglu 1. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1993. Auk þess hafi verið farið fram úr lög-

mæltum fresti til að úrskurða um endurákvörðun álagningar samkvæmt 5. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Eins og áður er komið fram leiða tafir á og brot gegn lögmæltum frestum til að ljúka málum almennt ekki til ómerkningar á skattákvörðunum“. Síðan er vitnað í Hr.dóm 1998:3781 þar sem segir: „Óhóflegar tafir á meðferð máls áfrýjanda hjá skattyfirvöldum valda því ekki einar saman, að ómerkja beri árangur meðferðarinnar. Verður ekki séð, að þær hafi leitt til þess, að endanleg niðurstæða yrði ótraustari en ella, svo að áfrýjanda væri til óhags“.

Af framangreindu virðist mega álykta, að svo lengi sem endanleg niðurstæða í kærumáli sem þessu leiði ekki til verri niðurstöðu fyrir kæranda, þá skipti engu máli, hversu langan tíma tekur stjórnsýsluvaldið að komast að niðurstöðu. Hvernig slíkt fer saman við títtnefnda 9. gr. stjórnsýslulaga um málshraða er óskiljanlegt og hvaða tilgang hefur þá lokamálsgrein 9. greinarinnar þar sem segir: „Dragist afgreiðsla máls óhæfilega er heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til“? Svárið hlýtur að vera: Engan tilgang þar sem ljóst virðist, að umrædda 9. grein stjórnsýslulaganna á að túlka á þrengsta veg, sem hugsast getur.

Niðurstæða mín af framansögðu hlýtur því að vera sú, að verndarákvæði 9. gr. stjórnsýslulaganna um málshraða séu hinum almenna borgara algjörlega gagnslaus, þegar afgreiðsla skattamála er annars vegar. Þetta verður enn ljósara þegar jafnframt er horft til 11. gr. sömu laga þar sem jafnræðisreglan kemur við sögu, en þar stendur: „Við úrlausn mála skulu stjórnsýsluvaldið gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilviti“. Sé horft til þessa ákvæðis í samhengi við þær reglur um kærufresti o.þ.h., sem við endurskoðendur þurfum að vinna eftir og virða, verður þetta enn ljósara.



Guðmundur Jónsson
endurskoðandi

Í aðdraganda að gildistöku stjórnsýslulaganna 1993-1994 gaf Forsætisráðuneytið út vandaðan kynningarbækling um lögin, nauðsyn þeirra og nytsemi og þau þáttaskil, sem þau ættu að valda í samskiptum þegnanna við stjórnsýsluvaldið. Fróðlegt væri að vita hvort sá máltilbúnaður, sem hér hefur verið um fjallað, er í takt við þær væntingar stjórnvalda, sem lesa má út úr umræddum bæklingi. Ég lýk þessari umfjöllun með því að vitna orðrétt í ávarp forsætisráðherra, sem fylgdi úr hlaði umræddum bæklingi. Þar segir m.a.:

„Íslenskt þjóðfélag hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum. Meðal þeirra breytinga, sem orðið hafa, eru aukin umsvif hins opinbera. Þróun opinberrar stjórnsýslu hefur aftur á móti ekki fylgt þessari þróun að öllu leyti og býr að margra mati ekki yfir þeirri hagkvæmni og skilvirkni sem gera verður kröfu til í nútímaþjóðfélagi. Kröfur um aukin réttaröryggi þegnanna í samskiptum við ríki og sveitarfélög hafa því orðið háværari.

Segja má, að stjórnsýslulögin nýju, sem taka gildi um næstu áramót, séu öðrum þræði andsvar við þessum aðstæðum. Að baki þeim leikast aðallega á tvö sjónarmið. Annars vegar það að auka réttaröryggi borgaranna í samskiptum þeirra við hið opinbera og hins vegar að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í störfum stjórnvalda“.



Athyglisverðir úrskurðir yfirskattanefndar

Frá 204/2002 til 229/2002 / Samantekt frá ríkisskattstjóra

204/2002 Slysaftrygging við heimilisstörf.

Skattframtal kæranda barst skattstjóra í raf-rænu formi. Fjórum dögum síðar og áður en framtalsfrestur var liðinn, barst skattstjóra erindi frá umboðsmanni kæranda þess efnis að láðst hefði að merkja við í viðeigandi reit í skattframtali kæranda um að kærundur óskuðu eftir slysaftryggingu við heimilisstörf. Skattstjóri hafnaði erindinu á þeim forsendum að ekki væri unnt að óska eftir slysaftryggingu við heimilisstörf eftir að skattfyrirvöld hefðu móttekið skattframtal. Í kæru kom fram að kærundur óskuðu ekki eftir leiðréttingu á því að slysaftrygging við heimilisstörf hafi verið í gildi heldur vildu starfsmenn bókhaldsstofu umboðsmannsins biðja yfirskattanefnd „að úrskurða um hvort slíkar leiðréttingar eigi rétt á sér eða hvort allar slíkar leiðréttingar eigi að taka sem kæru og koma ekki til umfjöllunar fyrr en eftir álagningu gjalda“. Vildu kærundur fá úr því skorið hvort umrædd trygging hefði gilt þann tíma sem henni hefði verið ætlað að taka til, en kærundur hafi litið svo á að þau væru tryggð. Yfirskattanefnd rakti að samkvæmt úrskurðafarmkvæmd hefði vald nefndarinnar í ágreiningsmálum sem rísa vegna slysaftryggingar við heimilisstörf verið skýrð svo að það taki til ágreinings vegna álagningar iðgjalds til tryggingarinnar, svo sem fjárhæð iðgjaldsins, hvort

það sé réttilega á lagt og hvort gætt hafi verið rétttra málsmeðferðarreglna við álagningu þess. Umfjöllun og úrlausn um grundvöll, skilyrði eða fjárhæð slysabóta heyri hins vegar undir stjórnvöld almennaftrygginga og félli utan valdsviðs skattstjóra og yfirskattanefndar. Skattstjóra beri að leggja á iðgjöld vegna slysaftryggingarinnar og yrði hann því að taka til afstöðu til óskar um slíka tryggingu hvort sem hún væri skráð í skattframtali eða fram komin með öðrum hætti. Það bæri því undir skattstjóra að taka afstöðu til álitafna af þeim toga sem upp komu í máli þessu. Slíkum ágreiningsmálum mætti skjóta til yfirskattanefndar. Komið hefði fram að kærundur væru ekki að óska eftir slysaftryggingu aftur í tímann. Taldi nefndin að með þessu væru kærundur að una úrskurði skattstjóra og væri skilyrðum fyrir kæru til nefndarinnar því ekki fullnægt. Kærundi var því vísað frá yfirskattanefnd.

228/2002 Síðbúin skil, rannsókn, rökstuðningur, álag, ómerkt.

Kærð var sú ákvörðun skattstjóra að bæta 15% álagi við skattstofn samkvæmt skattframtali vegna síðbúinna framtalsskila. Umboðsmaður kæranda fullyrkti að skattframtal hefði verið sent skattstjóra innan framtalsfrests, en af óskýrðum ástæðum hefði framtalið ekki komið fram á skattstofu. Fullyrðingu sinni til stuðnings afhenti umboðsmaðurinn „vinnublöð skattgagna“ sem umboðamaðurinn nefndi svo. Í kærúrskurði ríkisskattstjóra var vísað til þess að framtalsskilin hefðu verið síðbúin og að ekkert hefði komið fram frá kærendum sem skýrði sein framtalsskil. Umboðsmaður kæranda byggði á því að framtali hefði verið skilað innan framtalsfrests. Yfirskattanefnd taldi að sú viðbára umboðsmannsins hefði ekki fengið úrlausn úr hendi skattstjóra og að skattstjóri hefði ekki kannað hvenær skattfram-

tal kæranda hefði verið skilað áður en hann úrskurðaði. Komst nefndin að því að hinum kærða úrskurði skattstjóra hefði verið áfátt og rökstuðningur ófullnægjandi. Var álagsbreytingu því hnekt.

229/2002 Flutt til landsins, samsköttun, rökstuðningur, rannsókn. Fallist á kröfu.

A og B fluttu til landsins frá Bretlandi 19. júní 2000. Þau stóðu skil á sameiginlegu skattframtali árið 2001 og óskuðu eftir samsköttun. Við álagningu voru þau skattlögð sem einstaklingar og tekið mið af dvalartíma hérlendis. Í kærúrskurði skattstjóra var tekið fram að A og B uppfylltu ekki skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 til samsköttunar. Yfirskattanefnd taldi að skattstjóra hefði borið að taka beiðni kæranda um samsköttun til sérstakrar úrlausnar við álagninguna hyggðist hann ekki verða við henni. Með því að þessa var ekki gætt hefði skattstjóra borið að annast um leiðréttingu af sjálfsdáðum eða við kærumeðferð að fenginni kæru. Með kærúrskurði skattstjóra hefði því hins vegar verið slegið föstu með almennum hætti að kærundur uppfylltu ekki skilyrði samsköttunar samkvæmt 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, án þess að frekari grein væri gerð fyrir forsendum þeirrar ályktunar í úrskurðinum. Að því leyti sem skattstjóri kynni að hafa byggt á því að skilyrði um tímalengd sambúðar samkvæmt fyrrnefndu ákvæði væri ekki uppfyllt í tilvikum kæranda tók yfirskattanefnd fram að engar ályktanir væri unnt að draga í þá veru fyrr en að undangenginni öflun upplýsinga frá kærendum um það efnis, enda hefði legið fyrir að kærundur hefðu verið búsett erlendis. Yfirskattanefnd féllst á að kærundur hefðu uppfyllt skilyrði til samsköttunar í árslok 2000 með vísan til þeirra gagna sem þau lögðu fram.

Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9 – 12:30.
Sími: 568 8118 • Fax: 568 8139



Námskeið hjá Endurmenntun HÍ - Haust 2002

Eftirtalin námskeið eru unnin í samstarfi við Menntunarnefnd FLE. Námskeiðin eru metin til eininga skv. reglugerð um endurmenntun lög-
giltra endurskoðenda.

Virðisaukaskattur af byggingar- starfsemi

Ætlað þeim sem stunda byggingarstarfsemi og fasteignaviðskipti, svo og þeim sem hafa at-
vinnu af endurskoðun og bókhaldsþjónustu.

Fjallað verður um þær reglur sem gilda um byggingarstarfsemi á annarra kostnað og eigin kostnað. Farið verður í reglur sem gilda um frjálsa skráningu atvinnuhúsnæðis (húsaleiga) og sérstaka skráningu atvinnuhúsnæðis. Einnig verður farið í reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts til íbúðabyggjenda. Námskeiðið er aðalleg ætlað þeim stunda byggingarstarfsemi hvers konar, svo sem útleigu húsnæðis en einnig til þeirra sem hafa með höndum bókhaldsþjónustu.

Kennari: Kristín Norðfjörð lögfr. og skrifstofustj. hjá Skattstj. í Reykjavík.

Tími: Mán. 4. nóv. kl. 8:30 - 12:30.

Verð: 14.700 kr. Ein: 6

Fjármagnstekjuskattur: Hvað er á döfinni?

Reifaðar eru þær reglur sem gilda á vettvangi fjármagnstekjuskatts frá sjónarhóli skattaframkvæmdarinnar. Hvaða vandamál hafa komið upp vegna þessarar skatttöku og hvernig hafa þau verið leyst?

Kennari: Steinþór Haraldsson yfirlögfræðingur RSK.

Tími: Mið. 20. nóv. kl. 16:00 - 19:30.

Verð: 13.500 kr. Ein: 5,25

Úr einkarekstri í hlutafélag

Ætlað ráðgjöfum og endurskoðendum.

Í lok árs 2000 var heimilað með lögum nr.

133/2000 að einstaklingar í rekstri mættu flytja rekstur sinn yfir í einkahlutafélög án sérstakrar skattlagningar, að nánari skilyrðum uppfylltum. Á námskeiðinu er farið ítarlega í þær reglur er gilda um slíka yfirfærslu, hvernig hún gengur fyrir sig, þau vafamál sem komið hafa upp og hvernig hefur verið leyst úr þeim.

Kennari: Árni Harðarson hdl. hjá Deloitte & Touche.

Tími: Þri. 26. nóv. kl. 13:00 - 16:00.

Verð: 13.400 kr. Ein: 4,5

Framvirkir samningar

Ætlað endurskoðendum, fjármálastjórum og starfsmönnum bókhaldsdeilda.

Framvirkir samningar eru ein gerð afleiðusamninga. Fjallað er um gerð þeirra og hvernig þeir eru notaðir. Tekin eru dæmi um færslu afleiðusamninga í reikningsskilum og vikið að því sem hafa ber í huga við endurskoðun á slíkum samningum.

Kennari: Sæmundur Valdimarsson löggiltur endurskoðandi hjá KPMG.

Tími: Mið. 27. nóv. kl. 16:00 - 19:00.

Verð: 13.400 kr. Ein: 4,5

Reikningsskil í erlendum gjaldmiðlum

Námskeið ætlað endurskoðendum og öðrum þeim sem áhuga hafa á reikningsskilum fyrirtækja.

Fjallað er um aðferðir til að skrá viðskipti í erlendum gjaldmiðli samkvæmt reglum alþjóðlega reikningsskilaráðsins (International Accounting Standards Board (IASB)), þ.e. staðall nr. 21. Í því sambandi er einnig gerð grein fyrir hvernig skal umbreyta reikningsskilum úr einum gjaldmiðli í annan samanber sama heimild. Farið er yfir verkleg dæmi til að skýra hvort tveggja. Samkvæmt nýsettum lögum getur fyrirtækjum verið heimilt að halda bókhald í erlend-

um gjaldmiðli; rætt er um ákvæði laganna og þau borin saman við erlendar heimildir.

Kennari: Stefán Svavarsson dósent og löggiltur endurskoðandi.

Tími: Þri. 3. des. kl. 16:00 - 19:00.

Verð: 13.400 kr. Ein: 4,5

Bókhaldsbrellur

Námskeið ætlað endurskoðendum og öðrum sem áhuga hafa á reikningsskilum fyrirtækja.

Fjallað er um svokölluð skapandi reikningsskil (e. creative accounting). Sérstaklega er rætt um hvernig greina má hvort bókhaldsbrögðum hafi verið beitt til að fegra reikningsskil og hvaða aðferðir fyrirtæki nota ætli þau að beita brögðum. Ýmis dæmi eru tekin til skýringar en efnið er aðallega sótt í breskar og bandarískar heimildir um bókhaldsbrellur.

Kennari: Stefán Svavarsson dósent og löggiltur endurskoðandi.

Tími: Þri. 17. des. kl. 16:00 - 19:00.

Verð: 13.400 kr. Ein: 4,5

Fjármögnun fyrirtækja

Námskeiðið er ætlað þeim sem eru í fyrirtækjarekstri eða koma á annan hátt að fjármögnun fyrirtækja.

Farið verður yfir þá fjármögnunarkosti sem bjóðast fyrirtækjum með starfsemi á Íslandi. Gerð verður grein fyrir mismunandi möguleikum fyrirtækja á fjármagnsmarkaði, sem byggja m.a. á stærð, styrk og viðskiptasögu viðkomandi aðila. Jafnframt verður fjallað um mismunandi kröfur sem hin ýmsu form fjármögnunar gera til stjórnenda fyrirtækja.

Kennari: S. Elín Sigfúsdóttir aðstoðarframkvæmdastjóri á Fyrirtækjasviði Búnaðarbanka Íslands hf.

Tími: Þri. 14. jan. 2003 kl. 8:30 - 12:30.

Verð: 14.700 kr. Ein: 5



Skattamál - Nýlegar breytingar

Ætlað öllum sem koma að skatta- og fjármálum fyrirtækja.

Kynntar eru helstu breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt á árinu 2002. Einnig er farið yfir helstu breytingar á öðrum lögum og reglugerðum sem varða skatta og nokkur atriði sem tengjast framtalsgerð vegna tekjuársins 2002.

Kennari: Árni Harðarson hdl. hjá Deloitte & Touche.

Tími: Mið. 15. jan. 2003 kl. 16:00 - 19:00.

Verð: 13.400 kr. Ein: 4,5

Skattamál - Nýlegir úrskurðir og dómur

Ætlað öllum er fara með skattamál og skattsýslan.

Farið er yfir úrlausnir úrskurðaraðila og dómstóla á vettvangi skattamála. Dómsúrlausnir Hæstaréttar og héraðsdóms, refsímál og almenn dómsmál eru reifuð. Þá er farið yfir þá úrskurði yfirskaðanefndar, ríkisskattstjóra og skattstjóra frá síðustu mánuðum sem teljast áhugaverðir. Fjallað er um bindandi álit ríkisskattstjóra og yfirskaðanefndar og skoðaðar þær niðurstöður umboðsmanns Alþingis sem snúa að skattaframkvæmd.

Kennari: Ætlað öllum er fara með skattamál og skattsýslan.

Tími: Þri. 21. jan. 2003 kl. 16:00 - 19:30.

Verð: 13.500 kr. Ein: 5,25

Í flokknum um Reikningsskil og skattamál er einnig boðið upp á eftirtalin námskeið:

Að meta verðmæti fyrirtækja og rekstrareininga

Áhættustjórnun og spákaupmennska

Árangursstjórnun í rekstri fyrirtækja

EVA-greining

Notkun Excel 2000 við fjármál og rekstur I og II

Excel fyrir viðskiptafræðinga

Fjármagnsmarkaðir: Þjóðhagfræði

Innherjavíðskipti - (regluvörður)

Lánssamningar (Loan Agreements)

Verð og kennitölur skulda- og hlutabréfa

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu EHF: www.endurmenntun.is

Ákvarðandi bréf RSK um virðisaukaskatt

Eftirfarandi tilkynning barst skrifstofu FLE frá vsk-deild RSK:

„Ákvarðandi bréf um virðisaukaskatt, sem ríkisskattstjóri hefur ritað eftir útgáfu Handbókar um virðisaukaskatt (1.5.'98), eru nú aðgengileg á vefsíðunni www.rsk.is. Gert er ráð fyrir að eldri bréf, sem vitnað er til í Handbókinni, verði jafnframt sett upp á vefnum. Leitast verður við að birta ákvarðandi bréf um virðisaukaskatt, sem út koma í framtíðinni, sem fyrst eftir að þau eru rituð.

Þar sem umrædd bréf eru nú aðgengileg á vefnum þá munum við hér eftir hætta að senda ykkur þau sérstaklega í tölvupósti. Bent er á að hægt er að verða áskrifandi að nýjum upplýsingum á vefnum, með því að skrá sig í áskrift á www.rsk.is. Þá fá áskrifendur sendan tölvupóst í hverjum mánuði með því helsta markverða sem gerst hefur síðasta mánuðinn.“

Áhugaverðar heimasíður

Alþingi Íslendinga.

www.althingi.is

Félag löggiltra endurskoðenda.

www.fle.is

Ríkisskattstjóri

www.rsk.is

Yfirskaðanefnd

www.yskn.is

FEE-Evrópusamb. endurskoðenda

www.fee.be

www.euro.fee.be

IFAC-Alþjóðasamtök endursk.

www.ifac.org

ISAC-Alþjóðl. reikningsskilaráðið

www.iasc.org.uk

Kauphöll Íslands hf.

www.icex.is

Stjórnartíðindi

www.stjornartidindi.is



ÁRSHÁTÍÐ FLE

**Verður haldin laugardaginn 9. nóvember n.k.
í Sunnusal - Hótel Sögu
Húsið opnar kl. 19:00
Verð: kr. 7.900,-**

*Heiðursgestur kvöldsins verður
Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra.
Veislustjóri verður Stefán D. Franklín endurskoðandi.*

*Hljómsveitin Upplyfting leikur fyrir dansi fram á nótt.
Kristjana Stefánsdóttir jazzsöngkona tekur léttar sveiflur við undirleik
Agnars Más Magnússonar.
Fjöldasöng stjórna þrír valinkunnir endurskoðendur.*

Matseðill:

Fordrykkur
Kir Royal

Þriggja rétta kvöldverður

*Forréttur: Stökksteiktur saltfiskur með humri,
spergli og lakkrísgljáa*

*Aðalréttur: Kryddlegin lambaframhryggsvöðvi með
kartöfluquiche og sultuðum hvítlauk*

*Eftirréttur: Súkkulaðifrauð með appelsínu og
vanillukremi*

Kaffi og konfekt

*Miðapantanir á skrifstofu FLE í síðasta lagi fyrir 6. nóvember nk.
í síma 568-8118, faxi s-568-8139, e-mail, file@fle.is*

Mætum öll og sláum upp góðri skemmtun.